

## 28. háskólaþing Háskóla Íslands

**haldið með rafrænum hætti 11. nóvember 2021**

### Dagskrá

- Kl. 13.00-13.05      Rektor setur háskólaþing og fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum.
- Kl. 13.05-13.25      Dagskrárliður 1. Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands.
- Kl. 13.25-15.00      Dagskrárliður 2. Ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið
- a) Inngangur. Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins (kl. 13.25-13.35)
  - b) Ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið. Orri Steinarsson, arkitekt og eigandi teiknistofunnar jvantspijker & partners (kl. 13.35-13.45)
  - c) Borgarlínan og háskólasvæðið. Þröstur Guðmundsson, forstöðumaður Borgarlínu (kl. 13.45-13.55)
  - d) Samgöngu- og bílastæðamál á háskólasvæðinu. Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands (kl. 13.55-14.05)
  - e) Viðbrögð. Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun (kl. 14.05-14.15)
  - f) Umræður og afgreiðsla (kl. 14.15-15.00)
- Kl. 15.00              Rektor slítur háskólaþingi

### Kl. 13.00-13.05 Setning háskólaþings

Rektor setti háskólaþing og bauð þingfulltrúa velkomna. Greindi hann frá því að þetta væri 28. háskólaþing Háskóla Íslands, en fyrsta háskólaþing, sem þá hét háskólafundur, var haldið 4.-5. nóvember 1999 og var viðfangsefni þess að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu fyrir Háskóla Íslands. Haldnir voru 25 háskólafundir, en árið 2008 var nafninu breytt í „háskólaþing“ og er þetta, eins og áður sagði, 28. þingið, eða ef allt er talið það 53.

Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana Háskóla Íslands og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga

og stúdenta auk fulltrúa starfsmanna stjórnýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Ríflega 100 manns eru boðuð til þessa háskólaþings.


Rektor bauð sérstaklega velkomna fulltrúa samstarfsstofnana og Stúdentaráðs. Einnig framsögufólk þingsins, þau Hrund Ólöfu Andradóttir, formann skipulagsnefndar háskólaráðs, Orra Steinarsson, arkitekt, Þröst Guðmundsson, forstöðumann Borgarlínu, Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs, og Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóra hjá Minjastofnun.

Fundargerð síðasta háskólaþings sem haldið var 25. maí sl. var send fulltrúum á háskólaþingi. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina og skoðast hún því samþykkt.

Loks bað rektor Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóra rektorskrifstofu, um að vera fundarritari.

Háskólaþingið var haldið með rafrænum hætti sökum COVID-19 veirufaraldursins.

## Kl. 13.05-13.25 Dagskrárliður 1 Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands.





Afhending prófskrírteina í Háskólabíói 22. október

### Afhending prófskrírteina í Háskólabíói 22. október



### Kennsluakademíu opinberu háskólanna hrint af stokkunum



Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna

### Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna

### Samkomulag opinberu háskólanna

- 1. desember 2020 gerðu Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Höllum, Landbúnaðarháskóli Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Félag prófessora við ríkisháskóla, Félag háskólakennara við Háskóla Íslands og Félag háskólakennara við Háskólan á Akureyri með sér samkomulag um umhverfi matskerfis opinberu háskólanna
- Samkomulagið tekur til grunnmats nýrra akademískra starfsmanna og árlegs mats á stórfum þeirra
- Matið er lagt er til grundvallar við ákvörðun greiðsna úr vinnumatstjóðum og röðun í launaflokka í samræmi við kjara- og stofnanasamninga

### Hvað felst í endurskoðun matskerfisins?

- Endurskoðun skjalsins „Matskerfi opinberra háskóla“ sem liggur til grundvallar núverandi vinnumati
- Haft að leiðarljósi að matskerfið verði **gegnsætt og sanngjarnt**
- Lagt upp með að halda „verðbólgu“ í skefjum

### Hvað felst í leiðarljósinu um gegnsæi og sanngirni?

- Fækka **bilum/spönnum** í kerfinu
- Skýra **forsendur** flokkunarinnar
- Tryggja að árangur og gæði rannsókna, kennslu, stjórnunar og þjónustu sé metinn á grundvelli **fjölbreytts framlags** til þekkingarsköpunar og mismunandi birtingarhefða

### Vefgátt fyrir umsagnir

- Opnuð hefur verið vefgátt fyrir umsagnir um fyrirbyggjandi tillögu um endurskoðun á Matskerfi opinberu háskólanna
- Frestur til að skila umsögn er til 15. nóvember 2021

Tillögur og greinargerð stjórnar Matskerfis opinberu háskólanna má finna hér:

- [https://www.hi.is/haskolinn/matskerfi\\_opinberra\\_haskola](https://www.hi.is/haskolinn/matskerfi_opinberra_haskola)

### Innleiðing HÍ26

#### Betri háskóli – betra samfélag

STEFNA 2021-2026

### Framtíðarsýn HÍ26

#### Betri háskóli – betra samfélag

Skólinn skapar opið og fjölbreytt umhverfi náms og rannsókna, hann er í sterku sambandi við meginstöðir samfélagsins og í viðtæku samstarfi við háskóla og þekkingarsetur um allan heim.

Með því að tryggja óskorað traust byggt á gæðum, jafnrétti og gjölfærni á öllum sviðum getur Háskólinn rækt forystuhlutverk sitt í þekkingarsköpun fyrir samfélagið.

HÍ26 má finna hér: <https://stefna.hi.is/>





## Áherslur í starfi skólans 2021-2026



Áherslur í starfi skólans 2021-2026

|   |   |  |  |
|---|---|--|--|
| <b>Opinn og alþjóðlegur</b><br>ÖRFERGLIÐI STARF<br>Ungir og eldri starfsmenn eru byggja á þróun nemenda, vinnustofna og þjálfara. | <b>Sjálfbærni og fjölbreytileiki</b><br>SÉKINGI Á NÁGU SJÁLFRÆRS SAMFÉLAGS<br>Háskólinn verður liðandi á milli sjálfbærni í vinnu, mennta, vaxandi og þekkingarþróun. | <b>Afl á grunnri gæða</b><br>NOTENDAMIÐJÓÐI<br>Notendamiðjói er byggja á þróun nemenda, vinnustofna og þjálfara. | <b>Góður vinnustaður</b><br>MANNABÚÐUR OG STARFSLEIÐI<br>Stafræn vinnustofna er byggja á þróun nemenda, vinnustofna og þjálfara. |
|---|---|--|--|



### Sýnin við innleiðinguna

Einn skóli – Sýnin við innleiðinguna

Sameiginleg sýn og samræmd vinnubrögð

Gegnsei árangurs og framvindu

Viðtæk þátttaka og frumkvæði

Tengja saman stær breytingarkerfni („top down“) og úrbótakerfni í rektari og þjónustu („bottom up“)




### Hvernig verður markmiðum HÍ26 náð? Tveir straumar breytinga

Þróun starfsins byggir á tveimur meginþáttum

- Þróun starfseminnar:** Gæðastarf og stöðugar umbætur á grundvelli markmiða stefnunnar, eins og skilgreint er í hefðbundnum áætlunum starfseininga
- Umbreyting starfseminnar:** Nýjungar innleiddar í takt við megináherslur stefnu skólans, eins og skilgreint er í verkefnastofnum



### Tveir straumar breytinga



### Verkefnastofnar

|   |  |   |   |  |
|---|--|---|---|--|
| Alþjóðlegt samstarf um kennslu                                | Mannauður, vinnustöðvæðing og þróun stjórnmála                             | Notendamiðjói þjónusta og stafræn umbylting stjórnsýslu | Samfélagsleg náðgætt, framfarir og starfshætti nemenda                      | Samstarf við samfélag og margvæðing leiðir til málunar                     |
| Sjálfbærniáherslur í kennslu, vinnustofnum og rektari skólans | Styrkjaskólinn, nýfundið í vinnustofnum, opin vísindi og silberfóð vísinda | Umhverfið, fjárfesting og gæði meistara og doktorsnáms  | Uppbygging rammtækna- og kennsluáætlunar og þróun háskóla svæðisins í heild | Uppbyggingatekni í kennslu, námsframleiðni og fjölbreyttu nemendaskipulagi |

Sjá nánar í innleiðingaráætlun á UGLU > Háskólinn > Stjórnspikuplag > Stefna Háskóla Íslands  
<https://uglu.hi.is/Starf/View/param.php?aid=2010>



### Fyrstu skref innleiðingar HÍ26

- HÍ26 kynnt á opnum fundum, í stjórnsýndateymum, fyrir Stúdentaráði, á samfélagsmiðlum o.fl. Kynningar rektors og aðstoðarrektors í stjórnmál og þingum allra fræðisviða standa yfir
- Miðlægar einingar og fræðisvið hafa notað markmið HÍ26 til að forgangsraða við starfs- og fjárhagsáætlanagerð fyrir 2022
- Ræsing verkefnastofna undirbúin
  - Ábyrgðarabíll skipaður fyrir hvern verkefnastofn og fundað ítrekað með þeim
  - Verkefnastofnir fyrir 2022 í undirbúningi fyrir hvern verkefnastofn
  - Áætlarnir verða kynntir fyrir forsetum fræðisviða
  - Ekkert allir stofnar „ræsir“ í einu



### Næstu skref: Stjórnendapjálfun og rafrænt stefnubókhald

Stjórnendapjálfun og innleiðing rafræns stefnubókhalds mun stýrja enn betur við stefnumiðað starf og stefnubundna áætlanagerð

- Aukin áhersla á innleiðingu á fræðisvörðum** í undirbúningi
  - Stefnufullnær á fræðisvörðum - hafa yfirsjón og stýrja við innleiðingu og umbætur á fræðisvörðum í samstarfi við forseta og eru í víðum tengslum við miðlæga umsjónarabíla stefnufullnæringar
  - Starfs líta stakra verkefna fræðisviða og miðlægrar stjórnsýslu sem stýrja við innleiðingu HÍ26
- Margvæðing stuðningar við stjórnmálur**, fer af stað í jan./feb '22
  - Ástoð við miðlæga stefnufullnær, innleiðingu stefnubókhalds og skipulag reglugæslu stefnurjóni
  - Þjálfun ísköpunar, ábyrgðarabíla verkefnastofna og stefnufullnæringar fræðisviða
  - „Drop-in“ vinnustofur og einstaklingsmiðlaðar handfærsla fyrir stjórnmálur og ábyrgðarabíla
- Stefnubókhald** verður þróað áfram og sett á rafrænt form þar sem tengdar verða saman áætlarnir vegna verkefnastofna, miðlægra eininga og fræðisviða. Vætt verður ástoð við áætlanagerð á þessu leyfi, bæði miðlægt og innan fræðisviða



### Fjármögnun er forsenda árangurs

Kostnaður við innleiðingu stefnunnar mun taka mið af

- nauðsynlegri **umgjörð** um innleiðingu stefnunnar
- kostnaði** við verkefnastofna á grunnri verkætlanir til eins árs í sein
- starfs- og fjárhagsáætlunum fræðisviða og miðlægra eininga** með forgangsraðunum stefnubundnum umtöðvakerfum

Aldarfræðisgjóður verður áfram nýttur fyrir forgangskerfni HÍ26. Það sem eftir lifir 2021 eru þrjú verkefni í forgangi

- Tækjakostrur og ástoða vegna kennslu
- Starfleiðingar
- Kynning og innleiðing áætlunar um fjárnám



### Sameiginleg vegferð


Við störfum á ólíkum sviðum með ólík viðfangsefni, þekkingu og faglegar áherslur

Þrátt fyrir það erum við öll hluti af Háskóla Íslands og viljum að hann gegni órjúðvæð forystuhlutverki á sviði mennta og vísinda

Í þeim skilningi erum við öll á sameiginlegri vegferð þar sem hlutverk, framfarissýn, gildi og megináherslur tengja okkur saman

Vegferðin á að vera okkur til ánægju og hvefja okkur til þess að bæta stöðugt í og vinna nýja stig

Mælikvarðinn á árangur okkar hvers um sig, felst í styrk heildarinnar. Þar berum við öll sameiginlega ábyrgð





### Stofnunarúttekt á Háskóla Íslands



### Ytri matshópurinn




- Susan Hunter, formaður. Fyrirverandi rektor University of Maine, B.N.A.
- Aisbe Brown. Forseti (e. Dean) stöðjónustu fyrir stúdenta, University of Aberdeen, Skotlandi
- Bjarki Þór Gröndfeldt, fulltrúi stúdenta. Doktorsnemi í sálfræði, University of Kent, Englandi
- Dorte Salskov-Iversen. Deildarforseti stjórnunar- samfélags- og samskiptadeldar við Copenhagen Business School, Danmörku
- Philip Nolan. Rektor Maynooth University, Írlandi
- Sijbolt Noorda. Fyrirverandi rektor Universiteit van Amsterdam, Hollandi
- Raymond Smith, ritari úttektarhópsins. Sjálfstætt starfandi ráðgjafi, Englandi



### Meginniðurstöður



- Traustsýfirlýsing um gæði prófgráða: Úttektarhópurinn ber traust til núverandi starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar
- Traustsýfirlýsing um gæði násumhverfis: Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þess násumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar




### Næstu skref



- Ytri matsskýrslan dregur fram helstu styrkleika Háskóla Íslands
- Skýrslan geymir jafnframt gagnlegar ábendingar um tækifæri til úrbóta
- Farið verður vandlega yfir ábendingar í skýrslunni
- HÍ26 er í innleiðingu undir forystu aðstoðarrektors kennslumála og þróunar
- Breytingar í kjölfar ytra matsins verða hluti af innleiðingarferlinu



### Framkvæmdir á döfnni



### Hótel Saga



### Vatnstjón í byggingum HÍ í ársbyrjun – skýrsla dómkvaddra matsmanna væntanleg



### Gamli garður




### Gamli garður



### Hús íslenskra fræða







**Kl. 13.25-15.00**  
**Dagskrárliður 2**  
**Ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið**

Rektor bauð Hrund Ólöfu Andradóttur, formanni skipulagsnefndar háskólaráðs um háskólasvæðið, að taka til máls.





Drög að rammaskipulagi 2015

HÁSKÓLASVÆÐI  
City of Reykjavík NOVEMBER 2015



## Ferlið og afurðir 2018-2021



| 2018<br>Innri og ytri<br>fagleg rýni                                    | 2019<br>Endurskoðun á<br>rammaskipulagi  | 2020<br>Dvalarstaðir  | 2020-2021<br>Samþætting við<br>borgarlínu  |
|---|--|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Háskólaþing nóv. 2018</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Jvantspikar (sept. 2019), "University of Iceland - re-emissioning the framework"</li> <li>Háskólaþing maí 2019</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Nækkönnun til Háskólaborgara</li> <li>Rýni nemanda í arkitektúr</li> <li>Kynningarferni til markaðsdeildar HI</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Jvantspikar (okt. 2021), "HÁSKÓLASVÆÐIÐ Samvinnuverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um heildarsýn fyrir háskólasvæðið og samþættingu þess við Borgarlínu"</li> <li>Háskólaþing nóv. 2021</li> </ul> |

## Gerðir háskólasvæða í borg



### „Kampus“



Columbia Háskólinn í New York

### Háskóli í borg



NYU New York

erðir háskólasvæða í borg

- Háskólabyggingar rammaðar inn í garð
- Afmarkað, bíllaus svæði
- Byggingar raðast í gatnakerfi borgar
- Óljós skil milli háskóla og borgar

## Háskóli Íslands er „kampus“



Starfsemin raðar sér meðfram Vatnsmýri og Skeifufarði



Háskóli Íslands er „kampus“

## Sérkenni Háskóla Íslands



### Háskóli við miðbæinn



Mynd: JHH



Mynd: KI

### Háskóli við friðlandið

## Heildarsýn



- Skapa vistlegan „kampus“ með mannfólk í forgrunni
- Bíllaus borg í borg



Mynd: KI



Mynd: KI

## Endurskoðun framtíðarskipulags 2019 „Green Edge Campus“



### Þétt og samofni kjarnastarfsemi

- Eflir samvinnu og samheldni

### Gæða garður sem teygir sig inn í byggð

- Skapar vellíðan
- Styrkir séreinkenni svæðisins



„Green edge campus“

HI HÁSKÓLA ÍSLANDS  
HI HÁSKÓLA ÍSLANDS  
HI HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Endurskoðun að framtíðarskipulagi 2019 „Green Edge Campus“



### Virkja tengingar við

- Miðbæ
- Aðliggjandi byggð
- Yfir Suðurgötuna
- Yfir í Heilbrigðisvísindasvið

### Jaðarbyggð

- Stúdentagarðar
- Þjónusta



„Green edge campus“

HI HÁSKÓLA ÍSLANDS  
HI HÁSKÓLA ÍSLANDS  
HI HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Arkitektúr stór og smár



Háskólalíðin gefur sýnishorn af byggingarsögu Íslendinga



Lögberg:

Veggir að hluta með „bröttinni áferð“, þ.e. settir listar í móttín, síðan höggvinn steypan og lakkad yfir.



Stiginn í Eirbergi

Byggingar séu vel hannaðar, sveigjanlegar og geti aðlagast breytingum

Samskipti viðvar og kopars í Arnagarði

Myndir: JHH



Mynd: KI

## Samtal við samfélagið



- Gangar og samkomustaðir veiti innsýn í
  - Kennslu
  - Þekkingarstarfsemi
  - Sjálfbærar lífstíl
- Sýnileg tilraunarymi
- Lóð og byggingar sem lifandi tilraunastofa



Mynd: KI



### Dvalarstaðir á lóð Háskóla Íslands: Austan Suðurgötu

„... sem sameinar sjónræna og ilmraena upplifun, breytist eftir árstíðum og tengir ... saman hið manngerða og hið náttúrulega“ ... „sem vekja upp tilfinningar um viðsýni“ ... „Svör úr könnuninni „Drumastaðurinn minn“ 2020“



Alexanderstígur



Dvalarstaðir á lóð Háskóla Íslands: Austan Suðurgötu

JACOBUS VIG, UENKELT IIII



FRÖSKJALINGUR



Setberg



Íþróttahúsgarður



Gönguleiðin um Vatnsmyrjahlóma

Myndir: JHH



Tæknigarður



Rauvísindastofnun



Veröld - húsið Væðisár



10 Ísaldarklauparnar

Myndir: JHH

### Stefna Háskóla Íslands


#### Áherslur í starfi skólans 2021-2026

- Opinn og alþjóðlegur
- Sjálfbærni og fjölbreytileiki
- Afl á grunni gæða
- Góður vinnustaður

#### HÍ og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

- Skirskotun til heimsmarkmiðanna

### Áherslur Green Edge Campus




### Borgarlínan grunnhlekki í framtíðarsýn

- Skilvirkar almenningssamgöngur nauðsynlegar til að draga úr vægi einkabílsins og ná markmiðum um vistvænan, sjálfbæran kampus
- Tækifæri fyrir háskólasamfélagið til að verða leiðandi afl í aðlögun byggðar að loftslagsbreytingum



### Green Edge Campus og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Skissa byggð á vistvænum byggingum (frá Green Building Council)



Næstur tók til máls Orri Steinarsson, arkitekt, og kynnti hann drög að nýrri heildarsýn fyrir háskólasvæðið.





### HÁSKÓLASVÆÐIÐ

Samræmi milli skólanna og þróunarmarkna á höfuðborginni

| Stærð                      | Stærð | Stærð |
|----------------------------|-------|-------|
| 1. Almennur                | 4     | 10    |
| 2. Forvarnir og heilbrigði | 4     | 10    |
| 3. Mennta                  | 4     | 10    |
| 4. Tækniræði               | 4     | 10    |
| 5. Almennur                | 4     | 10    |
| 6. Almennur                | 4     | 10    |
| 7. Almennur                | 4     | 10    |
| 8. Almennur                | 4     | 10    |
| 9. Almennur                | 4     | 10    |
| 10. Almennur               | 4     | 10    |

### EFNISYFIRLIT


| Stærð                      | Stærð | Stærð |
|----------------------------|-------|-------|
| 1. Almennur                | 4     | 10    |
| 2. Forvarnir og heilbrigði | 4     | 10    |
| 3. Mennta                  | 4     | 10    |
| 4. Tækniræði               | 4     | 10    |
| 5. Almennur                | 4     | 10    |
| 6. Almennur                | 4     | 10    |
| 7. Almennur                | 4     | 10    |
| 8. Almennur                | 4     | 10    |
| 9. Almennur                | 4     | 10    |
| 10. Almennur               | 4     | 10    |

### 1. AÐDRAGANDI

1. AÐDRAGANDI

2. AÐDRAGANDI

3. AÐDRAGANDI



### 2. FORSENDUR OG LEIÐARLJÓS

2. FORSENDUR OG LEIÐARLJÓS

2. FORSENDUR OG LEIÐARLJÓS

### 3. MARKMID

3. MARKMID

3. MARKMID

### MARKMID

MARKMID

MARKMID

### 4. TÍU ENKENNI FARSÉLLA HÁSKÓLSVÆÐA

Þessi tákamerki eru áttíu og byggja á hugmyndum um hvernig á að byggja upp svæðið. Þau eru byggð á hugmyndum um hvernig á að byggja upp svæðið. Þau eru byggð á hugmyndum um hvernig á að byggja upp svæðið.

- 1. TENGINGAR VÉL KANNTÓFTI**  
Tengingarnet er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 2. GÆRNI SAMRÖÐUN**  
Gærnir eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 3. FURULES EYRIT**  
Furulestærir eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 4. VINDLEIÐ EYRIT**  
Vindleiðir eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 5. ÖRNUM STRUKTÚR**  
Örnur eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 6. KENNILEIÐ**  
Kennileiðir eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 7. HÖNDLÖG**  
Höndlög eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 8. VEIÐLEIÐIR**  
Veiðleiðir eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 9. HÖNDLÖG**  
Höndlög eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 10. STYLLANINGU OG LÖFTUN**  
Styllaningur og löftun eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

### 6. UPÐRÁTTUR

Þessi mynd sýnir uppdrátturinn og hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.



### 5. ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI

#### HEGARAN TÝSTORAN

Þessi mynd sýnir hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

#### MI TENGING VÉL KANNTÓFTI

Þessi mynd sýnir hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

#### DRÖGNAÐA SEM HVAÐ AD DRÖGNAÐUR

Þessi mynd sýnir hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

#### STYLLANINGU OG LÖFTUN

Þessi mynd sýnir hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

### 7. LAGSKIPT NÁLGUN

Þessi mynd sýnir lagskipti nálgun og hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

- 1. Hækkun**  
Hækkun er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 2. Bætur og Bætur**  
Bætur og bætur eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 3. Bætur og Bætur**  
Bætur og bætur eru lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.
- 4. Bætur**  
Bætur er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.



### 8. GÖTUPVERSNIÐ

#### BYRNDIR Í DRÖGNAÐUR

Þessi mynd sýnir hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

#### DRÖGNAÐA SEM HVAÐ AD DRÖGNAÐUR

Þessi mynd sýnir hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

#### DRÖGNAÐA SEM HVAÐ AD DRÖGNAÐUR

Þessi mynd sýnir hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.

#### DRÖGNAÐA SEM HVAÐ AD DRÖGNAÐUR

Þessi mynd sýnir hvernig á að byggja upp svæðið. Þetta er lykillinn til að tryggja að svæðið sé tengt við umhverfið.



9. FJÖLBREYTT RÝMI OG UPPLIFUN

Stíðkerfi lýnir HÍ og tengir hvar annað viðbreytt áttahringurinn




10. ÚR HRADVEGI Í BORGARGÖTU

ENDURGERÐ SÖÐURDRETTI BURETTA ÁTTA OG UPPLIFUN

Með tilliti til áhrifa á umhverfi og borgarlínu, hefur verið unnið verkefni um að bæta umhverfi og borgarlínu áttahringurinn milli Burettaráttar og Söðurdrepps.

Þróun og uppbygging  
 - Félagsleg og umhverfisleg  
 - Aðal gættu: Söðurdreppurinn og göttunarsvæðið  
 - Þróun umhverfis og borgarlínu  
 - Aðal gættu: Söðurdreppurinn og göttunarsvæðið  
 - Aðal gættu: Söðurdreppurinn og göttunarsvæðið



Þriðju framsöguna flutti Þröstur Guðmundsson, forstöðumaður Borgarlínu.

11. nóvember 2021

## Háskóli Íslands og Borgarlína

4 HÍ BSI

Borgarlína Vagnvæðing

### Fyrsta lota Borgarlínu

Sérrými Borgarlínu þar sem því verður við komið

Akstur í almenri umferð um miðbæ Reykjavíkur og Borgarhofsbraut í Kópavogi

| Staðsetning | Umferð |
|-------------|--------|
| 40%         | Umferð |
| 5%          | Umferð |
| 20%         | Umferð |
| 25%         | Umferð |

### Nýtt leiðarnet

Góðar tengingar HÍ með Borgarlínu við allt höfuðborgarsvæðið

Borgarlínuvagnar munu aka í úthverfi í almenri umferð (punktalínur)

### Aksturleið og stöðvar


Frumdrög gera ráð fyrir 3 stöðvum.

Nú er unnið að útfærslum á svæðinu sem yfirfærast á aðra hluta Borgarlínu.

Fjöldi og staðsetning stöðva ásamt útfærslu gatnamóta hluti af þeirri vinnu sem er í gangi

## Stöðvar og götugögn

Nú er unnið að frekari útfærslum á stöðvum



## Ferðatími

| Stofnleður – Vínir dagar |       |        |        | Almannar leiðir – Vínir dagar |       |        |        |
|--------------------------|-------|--------|--------|-------------------------------|-------|--------|--------|
| Frá                      | Til   | Tíðni  | Þáttur | Frá                           | Til   | Tíðni  | Þáttur |
| 06:00                    | 07:00 | 10 mín | 1      | 06:00                         | 07:00 | 15 mín | 1      |
| 07:00                    | 09:00 | 7 mín  | 2      | 07:00                         | 09:00 | 15 mín | 2      |
| 09:00                    | 14:30 | 10 mín | 3      | 09:00                         | 14:30 | 10 mín | 3      |
| 14:30                    | 18:00 | 7 mín  | 4      | 14:30                         | 18:00 | 10 mín | 4      |
| 18:00                    | 21:00 | 10 mín | 5      | 18:00                         | 21:00 | 10 mín | 5      |
| 21:00                    | 01:00 | 20 mín | 6      | 21:00                         | 01:00 | 30 mín | 6      |



Næst fór Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs miðlægrar stjórnsýslu, yfir stöðu mála varðandi samgöngu- og bílastæðamál á háskólasvæðinu.

Samgöngu- og bílastæðamál á háskólasvæðinu

## Samgöngu- og bílastæðamál á háskólasvæðinu

## Mikil uppbygging á Vatnsmýrarsvæðinu

|   |   |
|---|---|
| <b>Háskóli Íslands</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>6.500m<sup>2</sup> Hús íslenskra fræða</li> <li>150 íbúðir/herbergi</li> <li>10.000m<sup>2</sup> Heilbrigðisvísindasvið við LSH</li> <li>12.000m<sup>2</sup> Menntavísindasvið, UTS, Vísindasmíða</li> <li>4.000m<sup>2</sup> Stúdentsvæðing</li> </ul> | <b>Vísindagerðir</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>17.500m<sup>2</sup> Gróska (CCP)</li> <li>11.000m<sup>2</sup> Viðbygging við Alvrotech</li> <li>245 íbúðir/herbergi</li> <li>15.000m<sup>2</sup> Rendbyggt við LSH</li> </ul> |
| <b>Landspítali</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>73.000m<sup>2</sup> Meðferðarkjarni</li> <li>15.000m<sup>2</sup> Rannsóknahús</li> <li>2.700m<sup>2</sup> Tækni- og skrifstofuhús</li> <li>4.300m<sup>2</sup> Sjúkrahótel</li> </ul>  | <b>HR</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>400 íbúðir</li> </ul>  |

## Veruleg aukning umferðar á Vatnsmýrarsvæðinu

- Gróft áætlað voru ferðir sem mynduðust á Vatnsmýrarsvæðinu um 24 þús. á hefðbundnum virkum degi árið 2018
- Með fjölgun starfa og íbúa má ætla að ferðafjöldinn verði um 45 þús. á hefðbundnum virkum degi árið 2025

## Aðgerðir aðila á Vatnsmýrarsvæðinu

- LSH stefnir á gjaldtöku fyrir bílastæði á næsta ári
  - Gjaldskylda í öll stæði
  - Starfsmenn noti stæðin fjarst byggingum
- Vísindagarðar stefna sömuleiðis á gjaldtöku fyrir bílastæði
  - Framkvæmdir eru hafnar
- Reykjavíkurborg stefnir á árlega útvíkkun svæða með gjaldskyldum stæði
- Til stendur að flytja Menntavísindasvið á aðalsvæði HÍ
- Starfsemi í Haga og Neshaga 16 flyst á Vatnsmýrarsvæðið
- Stefnt er að fyrsta fasa Borgartínu

## Stefna Háskóla Íslands

Í stefnu Háskóla Íslands HÍ26 eru eftirfarandi markmið sett:

- Sjálfbær starfsemi
  - Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnumabilinu sem byggi á markmiðum Íslands í þeim málaflokki
- Farsælt háskólasvæði
  - Heildstæð sýn á skipulag háskólasvæðisins stuðli að jöfnu aðgengi og samheldnu þekkingarsamfélagsi nemenda og starfsfólks af öllum fræðisviðum. Algild hönnun, vistvænar samgöngur og grænar tengingar verði í forgrunni

## Stefna og aðgerðir stjórnvalda

- Ísland hefur sett sér þá markmið að ná kolefnishlutleysi árið 2040
- Í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum kemur m.a. fram
  - Að innviði fyrir virka ferðamáta verði eflir
  - Að skattstýrkjum verði beitt tímabundið til að styðja við virka ferðamáta
  - Að stutt verði við almenningssamgöngur með margvíslegum hætti

Virkir ferðamatar: Ferðamati þar sem eigið all er notað til að fara á milli stæða, svo sem með göngu, á hjóli, hláspakjöli, hjólabretti, louskautum eða öðru.

## Ferðavenjur starfsmanna og nemenda

- Um 50% starfsmanna koma á eigin bíl og um 43% nemenda
- Bílastæði eru um 2000
- Lauslega reiknað út frá könnun eru þegar mest er um 5-6000 nemendur og starfsmenn á háskólasvæðinu
- Í Háskólanum í Manchester koma 37% 5\*

Myndir E. Hvening ferðar þar eftir í Háskólasvæðinu...

## Vistvænni samgöngumátar

- HÍ hefur 5 deilibleila (rafbílar) sem er hægt er að nota í vinnutengd erindi.
  - Aðalbygging, Askja, Tæknigarður, Læknagarður og Stakkahlíð
- Til eru tvö deilibleila (rafhjól) sem má nota til að sinna erindum á vinnutíma.
  - Aðalbygging og Stakkahlíð
- Það eru hjólabogar við allar byggingar HÍ
- Tvö hjólskilyrki eru við annars vegar Lögberg og hins vegar við VRÍI
  - Til stendur að byggja fleiri hjólskilyrki bæði opim og læst
- Merki skilavæði fyrir rafskútur
  - Þú ild að merka skilavæði við Háskólastorg og Læknagarð
- Samtal við rekstraráðila rafskútna
  - Hopp, OSS, Zolo
  - Aðilar sjái um að þjónusta svæði HÍ og aðra rafskútnum saman á skilavæði



**Aðgerðir til að stuðla að vistvænni ferðamáta**

- Samstarf/samningur við Stræól um árskort fyrir starfsmenn og nemendur
- Samgöngusamningur fyrir nemendur og starfsfólk
- Frekari uppbygging hjólaskýla í burðarliðnum
  - Bæði opin og læst skýli
- Bætt aðstaða fyrir hjólríðafólk
  - Sturtuástaða
  - Læstir skápar
  - Þurrkskápar
- Möguleikar á auknum heimildum til notkunar deiliblei á einkaerindum
- Borgarlína sem mun ganga í gegnum háskólasvæðið

**Rekstur bílastæða við HÍ**

- Bílastæði eru víkjandi svæði í heildarsýn fyrir háskólasvæðið
- Breytingar á umferðalögum hafa nýverið tekið gildi
  - Ráðherra getur heimilað ríkisaðila að sjá um innheimtu gjalds fyrir notkun stöðurettis
- HÍ hefur þegar sent inn umsókn um heimild til gjaldtöku
  - LSH hefur einnig sótt um heimild
- Hafin er vinna við undirbúning að gjaldtöku fyrir bílastæði á háskólasvæðinu
- Gert er ráð fyrir að það geti orðið að veruleika haustið 2022
- Þá er gert ráð fyrir því að öll bílastæði verði gjaldskyld

Síðastur tók til máls Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun, og tók hann að sér að bregðast við þeirri framtíðarsýn fyrir háskólasvæðið sem kynnt var á þingin. Byrjaði Pétur á að þakka fyrir góðar og upplýsandi kynningar. Sagði hann háskólasvæðið á Melunum hafa sérstöðu umfram önnur háskólasvæði, bæði í hugum borgarbúa og þjóðarinnar allrar. Rakti Pétur fyrri hugmyndir um skipulag háskólasvæðisins, þ. á m. fræga hugmynd um „háborg menningar“ á Skólavörðuholtinu. Sagði Pétur að í vissum skilningi væri háskólasvæðið orðið sú „háborg menningar“ sem dreymt var um að reisa á fyrri hluta 20. aldar. Þessi staðreynd endurspeglar í skipulagi og eintökum byggingum sem eru tákni um varðveislu og eflingu íslenskrar menningar, en á svæðinu eru, auk Háskóla Íslands, Þjóðminjasafn, Þjóðarbókhlaða og Hús íslenskunnar.

Upphaflegt skipulag háskólasvæðisins frá 4. áratug 20. aldar, sem hverfðist utanum „Skeifuna“, vitnaði um viðleitni lýðveldistímans til að móta ásýnd Reykjavíkur í skipulagi sem ný höfuðborg sjálfstæðs Íslands í menningarlegum efnum. Jafnframt var háskólalóðin ein mikilvægasta húsasamtæða millistríðsáranna þar sem staðhættir og byggingar mynda áhrifaríka, listrænt mótaða heild.

Nýr kafli í skipulagssögu háskólasvæðisins hófst svo á 7. áratug 20. aldar. Einn kunnasti arkitekt aldarinnar, Finninn Alvar Aalto, fékk það verkefni að teikna Norræna húsið. Ekki aðeins tókst honum að skapa einstæða byggingu heldur setti hann fram með því verki nýja sýn á háskólasvæðið og miðborg Reykjavíkur og lagði m.a. áherslu á að skapa sjónræn og áþreifanleg tengsl með því að framlengja Hljómskálagarðinn og náttúru Vatnsmýrarinnar inn á sjálft háskólasvæðið.

Í fyrirliggjandi hugmynd að framtíðarsýn fyrir háskólasvæðið vantar þennan menningarlega vinkel inn í greinargerðina. Í tillögunni er engu að síður tekið tillit til helstu bygginga og varðveislu sjónása að Aðalbyggingu og Norræna húsinu.

Þetta á einnig við um Hús íslenskunnar og Þjóðarbókhlaðuna. Óheppilegt er að í skjalinu er sýndur byggingarreitir fyrir nýbyggingu á opna svæðinu við mót Hringbrautar og Suðurgötu. Bygging á þeim stað myndi skerða ásýnd að merkum byggingum sem hýsa mikilvægar menningarstofnanir þjóðarinnar, Hús íslenskunnar, Þjóðarbókhlaðuna og safnhús Þjóðminjasafnsins.

Í framtíðarsýninni er sá kafli Sæmundargötu sem liggur á milli enda Skeifunnar fjarlægður og grænt náttúrusvæði látið flæða inn í Skeifuna í anda hugmynda Aaltos. Svæðið inn í Skeifunni undir tröppunum mætti útfæra sem samkomu- og viðburðasvæði svo sem fyrir tónleika, útifundi, hátíðahöld á vegum stúdenta og viðburði á Menningarnótt í tengslum við Hljómskálagarðinn. Staðhættir bjóða upp á margþætta möguleika, svæðið er slétt og

aðkomuleiðir greiðar fyrir fólk og búnað. Með nýlegri stækkun Gamla garðs gæti ennfremur myndast aukið skjól fyrir norðlægum vindum.

Í framtíðarsýninni er sérstök áhersla lögð á samgöngur og er sá þáttur vel leystur. Borgarlínutengingar og gönguleiðir virka sannfærandi, fáir munu sakna bílastæðanna og það er sterk hugmynd að breyta Suðurgötu í borgargötu sem myndar nýja þungamiðju.

Mikilvægt er að vegstæði Skeifunnar haldist sem aðkomuleið með takmarkaðri umferð fyrir aðföng, slökkvilið, hreyfihamlaða, hátíðarathafnir o.s.frv. að Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Lögbergi, Setbergi og Gamla garði eftir stækkun. Möguleiki verði á takmarkaðri aðkomu inn á leiðina um aðkomustýrð hlið.

Mikilvægt sé að vanda hönnun nýbygginga og við mögulega stækkun Nýja garðs ber að taka tillit til forms og stærðarhlutfalla þeirrar byggingar með líkum hætti og tekist hefur við stækkun Gamla garðs.

Að kynningum loknum þakkaði rektor framsögumönnum fyrir vönduð innlegg og gaf orðið laust.

Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra í háskólaráði sagðist fagna áformum um að efla almenningsamgöngur en spurði hvort öryggi vegfarenda verði nægilega tryggt ef Borgarlína fer um miðja Suðurgötu og farþegar þurfa að þvera bílaakrein þegar þeir koma eða fara.

Deildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar sagði að rannsóknarsvið hans væri umferðarslys og því gæti hann svarað spurningu háskólaráðsfulltrúans. Sagðist hann ásamt starfsfélögum hafa rannsakað áhrif staðsetningar almenningsfarartækja ýmist á sérakreinum í miðri götu eða á götjuaðri í Seoul í Suður Kóreu. Sýndi rannsóknin að umferðarslysatiðni mældist marktækt hærri í þeim hverfum þar sem sérakreinar almenningsvagna eru í miðjunni frekar en á jaðrinum, að því gefnu að aðrir þættir séu fastir. Alltént þurfi að huga vel að umferðaröyggi í heild þegar almenningsamgöngur eru í miðjunni með umferð bifreiða sitt hvoru megin (sjá hér um rannsóknina: <https://doi.org/10.1016/j.aap.2016.02.023>)

Þröstur Guðmundsson þakkaði fyrir góða ábendingu og sagði að í þessu sambandi beri einnig að líta til þess að það er öruggara að þvera eina akrein í hvora átt frekar en tvær. Sagðist hann fagna öllum málefnalegum ábendingum og munu þær verða skoðaðar við frekari þróun Borgarlínu.

Orri Steinarsson þakkaði sviðsstjóra Minjaverndar fyrir góðar athugasemdir. Sagði hann þá hafa átt góðan fund meðan á vinnsluferlinu stóð þar sem sviðsstjórinn hafi sett fram gagnlegar ábendingar, ekki síst varðandi sögu háskólasvæðisins og fyrri skipulagshugmyndir. Einnig væri það góður punktur að gefa þurfi merkum byggingum andrými. Í því sambandi þurfi þó að ræða kvarða bygginga, legu og hæð. Í allri borgarþróun væri viss spenna á milli þess að fara vel með landið og að nýta það vel, en háskólasvæðið er eitt verðmætasta svæði borgarinnar. Það væri því úrlausnarefni að miðla á milli andrýmis og þéttingar byggðar. Frekari þróun skipulagsins væri afar spennandi verkefni framundan.

Gestur þingsins benti á að reitir á kortum heildarsýnarinnar sem merktir eru þróunareitir séu ekki ætlaðir til byggingar í öllum tilvikum heldur geti þeir allt eins verið útivistarsvæði eða annað.



Þjóðminjavörður þakkaði fyrir góða kynningu og spennandi framtíðarsýn. Tók hún undir orð Péturs Armannssonar varðandi teiknaða byggingareiti m.a. við Þjóðminjasafnið og sagði mikilvægt að þrengja ekki um of að þeim byggingum sem fyrir eru. Óskaði þjóðminjavörður eftir því að fá að taka þátt í frekara samtali varðandi reitinn við Þjóðminjasafnið. Varðandi söguna hafi ákvörðun um byggingu safnhúss Þjóðminjasafns verið tekin á fyrsta fundi Alþingis við stofnun Lýðveldis 1944 og var talað um húsið sem „morgungjöf til þjóðarinnar“ og því valinn staður við hlið Aðalbyggingar Háskóla Íslands. Einnig þurfi að ræða gjaldtöku fyrir bílastæði í samhengi við söfnin á háskólasvæðinu, en þar eru ókeypis bílastæði sem eingöngu eru ætluð safngestum.

Forseti Hugvísindasviðs þakkaði fyrir áhugaverðar kynningar og sagði Háskóla Íslands eiga skemmtilega framtíð fyrir höndum. Gaman væri að heyra hversu mikið væri rætt um Skeifuna, en þetta græna svæði megi gera meira aðalaðandi og nýta betur en raunin er nú. Vatnsmýrin er verðmætt svæði í miðri borg, m.a. út frá náttúrverndarsjónarmiðum, og það er jákvætt að gert er ráð fyrir að bílum muni fækka á háskólalóðinni.

Kjörinn fulltrúi Hugvísindasviðs þakkaði fyrir spennandi kynningar. Sagðist fulltrúinn vera sérstaklega hrifin af fyrirliggjandi hugmyndum um viðkomustöðvar Borgarlínu. Þá beindi fulltrúinn því til þeirra sem með málið fara að hugsa til fjölskyldufólks sem er að sækja og skutla leikskólabörnum. Í því sambandi vakni m.a. sú spurning hvort gert sé ráð fyrir bílastæðum við endastöðvar Borgarlínunnar? Það búa ekki allir við Borgarlínu en margir eru með fjölskyldur. Hvernig er sýnin á þetta?

Rektor þakkaði fyrir góðar ábendingar og sagði að í svo stóru verkefni þurfi að vigta saman ólík sjónarmið. Ræða þurfi málin vandlega og leysa þau vel.

Þröstur Guðmundsson brást við spurningum kjörins fulltrúa Hugvísindasviðs og sagði að samkvæmt núverandi áætlunum væri ekki gert ráð fyrir stórum bílastæðum við enda borgarlínuleiða. Slík væri vissulega vel þekkt í erlendum stórborgum, t.d. við endastöðvar lesta, en í samhengi höfuðborgarsvæðisins myndi það þýða stór bílastæði efst upp í Kórum, við Straumsvík o.s.frv. Vissulega væri slíkt að nokkru leyti á valdi sveitarfélagana, en ekki stæði til að gera slík stór bílastæði hér og þar í Reykjavík. Í fyrirliggjandi drögum að Borgarlínu sé gert ráð fyrir að hún verði í miðlægu eða aðlægu rými, en eftir sé að útfæra þetta m.a. fyrir Suðurgötu.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs spurði hvernig háttáð verði tengingu vesturhluta háskólasvæðisins við svæði Heilbrigðisvísindasviðs á lóð Landspítala, en í því sambandi hefur m.a. verið talað um yfirbyggðar brýr, færiband o.fl. lausnir. Jafnvel mætti horfa til þess að hlúa að fólki með gleryfirbyggingu á brú. Mikilvægt sé að einblína ekki á samtengingu háskólasvæðisins sitt hvoru megin við Suðurgötu heldur þurfi einnig að horfa á tengingar til austurs enda sé Háskóli Íslands fjölmennari til austurs en til vesturs.

Formaður jafnréttisnefndar háskólaráðs sagði málið vera áhugavert og spennandi. Varpaði hún fram þeirri spurningu, hvernig háttáð verður aðgengi fyrir fatlað fólk og hvernig það passar inn í skipulagshugmyndina.

Fulltrúi nemenda þakkaði fyrir kynningarnar og sagði framtíðarsýnina vera metnaðarfulla og samræmast vel sýn og stefnu Stúdentaráðs. Spennandi sé að sjá Suðurgötu hætta að kljúfa háskólasvæðið í tvo hluta. Gaman sé líka að heyra um læst hjólaskýli og nauðsynlegt að hafa

þar rafmagn til að hlaða. Borgarlínan sé byltingarkennd með því að vera ekki aðeins í jaðrinum. Loks varpaði fulltrúi nemenda fram þeirri tillögu að gerður verði stigi frá fyrirhugaðri viðkomustöð Borgarlínu við Veröld – hús Vigdísar niður í göngin sem liggja undir Suðurgötu.

Fulltrúi kjörinn af starfsfólki við stjórnslu tók undir með fulltrúa nemenda og sagði mikilvægt að tryggja aðgengi að hleðslu raftækja.

Deildarforseti Félagsráðgjafardeildar spurði hvort í tengslum við skipulagsvinnuna hafi komið til tals að byggja glerhús yfir smágarða og önnur útisvæði sem geti nýst allt árið um kring.

Orrí Steinarsson brást við ábendingu forseta Heilbrigðisvísindasviðs um tengingar í austurátt og sagði ríka áherslu lagða á þær í framtíðarsýninni. Reyndar væri þar komið út fyrir umráðasvæði Háskóla Íslands og inn á borgarland, en Reykjavíkurborg tekur þátt í skipulagsvinnunni svo það ætti að vera hægt að finna góðar lausnir. Þetta er ekki aðeins spurning um tengingar, heldur upplifun fyrir hvaða ferðamáta sem er. Varðandi spurningu kjörins fulltrúa Hugvísindasviðs sagði Orrí að í Hollandi hefur verið lögð áhersla á að tengja saman sem flesta samöngumáta við lestarstöðvar. Þetta þarf að taka inn í nánari úrvinnslu framtíðarsýnarinnar. Í Rotterdam voru t.d. sett 25.000 hjólastæði undir lestarstöð. Allar opinberar byggingar þurfa að hafa góða aðkomu fyrir hjólastóla og aðrar sérþarfir. Varðandi austur-vestur-tenginguna er búið að rýna ýmsa kosti og er einkum horft til þess að leysa þetta í plani, þ.e. ekki yfir eða undir yfirborðinu. Að lokum sagði Orrí það vera skemmtilega hugmynd að tengja saman viðkomustöðu Borgarlínu og göngin undir Veröld, en þó ber að hafa í huga að þarna er mikið af leiðslum og lögnum í jörðu. Um ábendingu deildarforseta Félagsráðgjafardeildar sagði Orrí það vera góða hugmynd að nýta glerhús og er það til þess fallið að teygja úr notkun úr notkun almenningsrýmisins einkum yfir veturinn.

Deildarforseti Deildar menntunar og margbreytileika lýsti ánægju með framtíðarsýnina fyrir háskólasvæðið og sagði starfsfólk og nemendur Menntavísindasviðs hlakka mikið til að flytja á aðalsvæði Háskóla Íslands á Melunum.

Deildarforseti Lagadeildar þakkaði fyrir áhugaverða umræðu og kynningar og sagði framtíðarsýnina fyrir háskólasvæðið vera spennandi. Benti hann á að það væri líka áhugavert að fá lýsingar í gögnum á þeim valkostum sem ekki verða ofan á, eða eru jafnvel óraunhæfir. Sem leikmanni þætti honum t.d. áhugavert að fá útskýringar á því af hverju ekki er gert ráð fyrir að Borgarlínan fari alveg vestur fyrir Hótel Sögu og þar með hringinn í kringum háskólasvæðið frekar en í gegnum það.

Formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins lagði orð í belg um umræðuna um tengingar á milli Vatnsmýrasvæðisins og Landspítalalóðarinnar og sagði skipulagsnefndina hafa átt samtal við Heilbrigðisvísindasvið um málið. Víða erlendis væru notaðar skutlur sem aka t.d. í hring (e. „hop-on, hop-off“) og mætti vel hugsast sér að Borgarlína væri slík skutla. Varðandi spurningu forseta Lagadeildar sagði hún að farið hafi fram ítarlegt samtal við höfunda Borgarlínu og hefði þetta verið niðurstaðan. Um væri að ræða mjög viðamikil og flókið verkefni og því þyrfti að miðla málum.

Þröstur Guðmundsson bætti því við að við skipulagningu leiðarnets Borgarlínu þyrfti alltaf að miðla málum á milli þátta á borð við leiðaval, staðsetningu stöðva, tíma, ferðatíðni og hátt þjónustustig. Varðandi hugmyndina um skutlu á milli Vatnsmýrarsvæðisins sagði hann mikilvægt að hafa einnig í huga að samhliða skipulagningu Borgarlínu er verið að vinna metnaðarfulla áætlun um stíga og fleiri ferðaleiðir.



Fleiri tóku ekki til máls. Að umræðu lokinni þakkaði rektor framsögumönnum fyrir fróðleg og upplýsandi erindi og öllum sem þátt tóku í umræðunni fyrir málefnaleg innlegg. Sagði rektor að fyrirbyggjandi framtíðarsýn fyrir háskólasvæðið sé rammi sem í framhaldinu verði útfærður og kynntur betur. Næstu skref í málinu séu þau að framtíðarsýnin verður lögð fram til staðfestingar á fundi háskólaráðs 9. desember nk. með framkomnum sjónarmiðum og ábendingum frá háskólaþingi. Samhliða því er ráðgert að málið fari fyrir skipulagsráð Reykjavíkurborgar í lok nóvember nk. og eftir atvikum fyrir borgarráð í byrjun desember nk. Í framhaldinu muni skipulagsnefnd háskólasvæðisins, í samvinnu við Reykjavíkurborg, vinna rammaskipulag fyrir háskólasvæðið.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og framsögumanna, þau Brynja Elisabeth Halldórsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Guðný Björk Eydal, Inga Þórsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Ingvar Þóroddsson, Jón Sigurður Pétursson, Margrét Hallgrímsdóttir, María Ásdís Stefánsdóttir Berndsen, Ólöf Garðarsdóttir, Rósa Signý Gísladóttir, Siv Friðleifsdóttir og Trausti Fannar Valsson

Fleira var ekki gert og var háskólaþingi slitið kl. 15.00.

#### **Útsend gögn fyrir 28. háskólaþing 11. nóvember 2021:**

1. Dagskrá og tímaáætlun þingsins.
2. Fundargerð 27. háskólaþings 25. maí 2021.
3. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.
4. Glærur framsögumanna á þinginu.